

Faraldur skall á og nemendur hafa aldrei verið fleiri

Grein eftir Margræti Jónsdóttur Njarðvík, rektor Háskólans á Bifröst, birt í Morgunblaðinu, umræðunni, fimmtudaginn, 19. janúar 2023

„Mikill viðsnúningur hefur orðið á rekstri HB. Fjarnám er mikilvægt jafnrétti til náms. 41% nemenda Háskólans á Bifröst býr utan Reykjavíkur.“

Háskólinn á Bifröst heldur sterkur inn í árið 2023. Nemendur hafa aldrei verið fleiri við skólann, fjármálum skólans hefur verið snúið við og nýlega átti sér stað gæðaúttekt á honum sem var öllum til sóma.

Covid breytti viðhorfi til Háskólans á Bifröst. Fullyrðing sem þessi er djörf en dagsönn. Þegar heimsfaraldurinn skall á lömuðust margir háskólar því hefðbundið háskólanám byggist á tímasókn og viðveru. Á einni helgi lögðust háskólakennarar heimsins í að breyta háskólastofnunum í fjarkennslustofnanir, með starfsfólk sem hafði hvorki sérþekkingu né endilega löngun til að verða sérfræðingar í fjarnámi. Sömu helgi, og næstu mánuði á eftir, breyttist viðhorf heimsbyggðarinnar til fjarnáms. Í ljós kom að hægt er að kenna svo til allt í fjarnámi en það er ekki sama hvernig það er gert. Ekki nóg með það, heimur háskólanema stækkaði og landamæri þurrkuðust út. Þar að auki er fjarnám umhverfisvænt, tímasparandi, lykilatriði í byggðapróun og einmitt það sem stúdentar vilja.

Í fararbroddi í fjarnámi

Allri þessari breytingu fylgdist Háskólinn á Bifröst með og fann á sama tíma hvernig viðhorf almennings til fjarnáms breyttist. Nú er fjarnám á háskólastigi úthugað og háþróað, fullkomið fyrir nútímafólk.

Háskólinn á Bifröst hefur lengi verið í fararbroddi í fjarnámi á Íslandi og byggt upp þekkingu á eðli fjarnáms frá aldamótum. Nemendur Háskólans á Bifröst hrósa mest skipulagi fjarnámsins og persónulegri tengingu við kennara og starfsfólk. Já, þeir nota orðið persónulegur skóli. Þrátt fyrir að nemendur Bifrastar búi út um allt land og allan heim þá upplifa þeir tengingu við háskólann sinn og nánd. Þeim gefst þar að auki tækifæri til að hittast tvisvar á misseri og dvelja í hinum íðilfagra Norðurárdal þar sem hraun, birki, Hreðavatn og gönguferðir ramma inn námið.

Fjarnám við Háskólann á Bifröst er þannig byggt upp að líkur á brottfalli eru lágmarkaðar. Bæði er misserinu skipt upp í lotur auk þess sem bætt hefur verið inn sumarönn sem auðveldar vinnandi nemendum að taka nám með vinnu. Raunin er sú að það eru mikil lífsgæði fyrir háskólanema sem eiga börn og eru í vinnu að þurfa ekki að verja dýrmætum tíma sínum í að fara í tíma, nokkuð sem þeir geta sjaldnast á vinnutíma. Vekur það athygli stjórnenda Háskólans á Bifröst að með hverju árinu sem líður eykst aðsókn í meistaranám við skólann auk þess sem sífellt yngri nemendur sækja skólann því þeir vilja nám sem er sveigjanlegt, stafrænt og sniðið að lífsstíl þeirra. Hefur Háskólinn á Bifröst þar að auki lagt sig fram um að hafa sama sveigjanleika fyrir starfsfólk. Þannig eru allir akademískir starfsmenn í vinnu án staðsetningar auk þess sem sveigjanleiki annarra starfsmanna hefur verið aukinn svo um munar.

Fjarnám er jafnréttismál

Fjarnám er ekki einungis hentugt fyrir upptekið fólk, það er beinlínis jafnréttismál. Hver man ekki eftir því þegar örfáir á landsbyggðinni voru með stúdentspróf? Það hefur heldur betur breyst og nú eru sífellt fleiri á landsbyggðinni með stúdentspróf. Það ber að þakka þeirri staðreynd að framhaldsskólar eru nú starfræktir í öllum landshlutum og ekki lengur neinn sem mótmælir því, jafnvel þótt fámennir séu. Við vitum að framhaldsskólar í heimabyggð tryggja jafnræði til náms, forða 16 ára unglingum frá því að flytja að heiman og styrkja atvinnustarfsemi í heimabyggð.

Hið sama er að segja um háskólanám. Hver man ekki eftir því þegar kennaramenntuðum buðust gull og grænir skógar ef þeir flyttu út á land? Viðvarandi skortur var á kennurum. Nú heyrir slíkt sögunni til því nú er unnt að fara í kennaranám úti á landi. Fjarnám er þannig skýr birtingarmynd jafnréttis til náms. Það geta allir sótt óháð búsetu og öðrum aðstæðum í lífinu. Í dag búa nemendur Háskólans á Bifröst í fjölmörgum löndum og út um allt land. Yfir 40% nemenda Háskólans á Bifröst búa utan höfuðborgarsvæðisins og þurfa því ekki að flytjast búferlum til að stunda háskólanám auk þess sem þeir skila þekkingu aftur í sína heimabyggð.

Háskólinn á Bifröst heldur ótrauður inn í árið 2023. Viðsnúningur skólans byggist á góðum ákvörðunum en fyrst og fremst á framúrskarandi starfsfólki sem hlakkar til að mæta nýjum áskorunum á árinu.

*Margrét Jónsdóttir Njarðvík,
rektor Háskólans við Bifröst*